

Sp.

384. Tillaga til þingsályktunar

[194. mál]

i tilefni af aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Heimir Hannesson, Svava Jakobsdóttir, Jóhann Hafstein,
Jón Árm. Héðinsson, Magnús T. Ólafsson.

Þar sem á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá því að íslenskir landnemar tóku sér varanlega bólfestu í Vesturheimi, ályktar Alþingi að beina því til ríkisstjórnarinnar að nú þegar verði skipuð þriggja manna nefnd til að gera um það tillögur til hennar á hvern hátt minnst verði aldarafmælis landnámsins af íslendinga hálfu, svo og um aukin tengsl hins íslenska þjóðarbrots vestanhafs við heimalandið. Þingsályktun þessi er m. a. fram komin í tilefni af hinum ríka áhuga er fram kemur hjá vestur-íslendingum til að viðhalda íslensku þjóðerni og menningu og sterkum vilja þeirra til að efla þjóðernisleg tengsl hins íslenska þjóðarbrots við heimalandið.

Greinargerð.

Á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá því að íslenskir landnemar tóku sér skipulega bólfestu í Vesturheimi. Sem kunnugt er, urðu ýmsir erfiðleikar hér í lok 19. aldar til þess að hópur íslendinga leituðu til fjarlægs lands í leit að nýju lífi. Það var ætlun landnemanna að stofna íslenska nýlendu til þess að halda hópinn og varðveita á þann hátt íslenska menningu og sérkenni. Í nokkur ár var slíkt sérveldi við lýði inni í miðju meginlandi Kanada, og hvernig sem á orsakir vesturferðanna er lítið, blandast engum hugur um það að íslenskt landnám í fjarlægri heimsálfu er merkur atburður, bæði í sögu íslendinga og þeirrar þjóðar, er flestir gerðust þegnar hjá, kanadamanna.

Frá upphafi hafa verið sterk þjóðernistengsl milli landnemanna og afkomenda þeirra við heimaþjóðina og e. t. v. sjaldan eins rík og nú, heilli öld eftir landnámið. Ýmiss konar menningarstarfsemi hefur þróast, bóka- og blaðaútgáfa á ensku og íslensku.

Full ástæða er til þess að íslendingar sýni vestur-íslendingum bróðurhug á þessum tímamótum. Slíkt efldi enn tengslin, og kemur ýmislegt til greina, sem nauðsynlegt er að kunnugir menn fjalli um og geri tillögur um hið fyrsta. Vestur-íslendingar sýndu íslendingum mikinn sóma og ræktarsemi á þjóðhátíðinni á s. l. ári. Ekki er annað sæmandi en að íslendingar endurgjaldi þá ræktarsemi á tíma-
mótaári þeirra.

Að lokum má geta þess að ýmislegt bendir til þess að hægt verði að koma á auknum viðskiptum milli landanna og að Kanada sé að ýmsu leyti lítt kannaður akur fyrir íslenskar útflutningsvörur. Eins virðist sem íslendingar og kanadamenn líti svipuðum augum á fiskverndunarmál. Aukin tengsl við frændur okkar í Vesturheimi styddu allar aðgerðir íslendinga í þeim efnum.